

VERV2VV05

Búið til: Sun, 19 Apr 2015 16:06:19 GMT

Titill

Verkefnavinna

Skammstöfun

VERV2VV05

Útgáfunúmer

1

Námsgrein

Verkefnavinna

Viðfangsefni

Verkefnavinna

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

2

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Nemendur velja sér verkefni í samráði við kennara, nemendur þurfa að rökstyðja val sitt á verkefni og safna saman efni meðan á vinnunni stendur til að geta skrifað skýrslu um vinnuna. Í lokin þurfa nemendur að kynna verkefnið með einhverjum hætti, t.d. með fyrirlestri og kynningarefni.

Forkröfur

Engar

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- viðfangsefninu sem hann velur sér
- því hvernig best er að safna saman upplýsingum sem hafa með viðfangsefnið að gera
- mikilvægi skýrslugerðar í verkefnavinnu
- því hvernig best er að rökstyðja val sitt á verkefni og kynna það fyrir öðrum
- hvernig skal byggja upp og setja fram áheyrilegan fyrirlestur

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- safna saman upplýsingum og vinna úr þeim
- skrifa skýrslu um vinnuferlið
- rökstyðja val sitt á verkefni og kynna það fyrir öðrum

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skrifa skýrslu um vinnuferlið frá upphafi til enda
- setja saman fyrirlestur og kynningarefni um verkefnið frá byrjun til enda
- tjá sig um verkefnið og miðla þekkingu, hugmyndum og skoðunum og bregðast við gagnrýni áheyrenda
- meta eigin vinnuframlag

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.

Skólar

Fyrirmynd